

Leiðbeiningar um kærur vegna kjörskrár við kirkjubingskjör 2010

Kæruheimild vígðra manna er bundin við þá sem eru í Þjóðkirkjunni 15. mars á kosningarári og í starfi, en kæruheimild leikmanna við þá sem eru í Þjóðkirkjunni og njóta kosningarréttar 23. mars á kosningarári (6. gr. [starfsreglna um kjör til kirkjubings, nr. 234/2006](#)).

Kæru skal beina til:

Kjörstjórn við kirkjubingskjör
Biskupsstofu
Laugavegi 31
150 Reykjavík

Kærur til breytinga á kjörskrá þurfa að hafa borist kjörstjórn fyrir kl. 16:00, miðvikudaginn 7. apríl 2010.

Í kæru skal kærandi gera grein fyrir fullu nafni sínu, kennitölu og lögheimili. Kærandi skal gefa upp tölvupóstfang sem nota má til að senda erindi til hans og niðurstöðu máls, símanúmer í farsíma og/eða heimasíma svo og póstfang. Ef kærandi óskar eftir að fá niðurstöðu senda í faxi skal hann geta þess og gefa upp faxnúmer.

Kærandi skal setja fram kröfu sína á skýran hátt. Kærandi skal greina í stuttu og skýru máli frá röksemdum þeim sem hann hefur fram að færa kröfu sinni til stuðnings og leggja fram gögn til stuðnings kæru sinni ef telja má það nauðsynlegt til staðfestingar upplýsingum.

Ef um leikmann er að ræða, skal hann tilgreina í hvaða sóknarnefnd hann situr, og hvort hann sé aðal- eða varamaður.

Ef um vígðan þjón er að ræða skal hann gera grein fyrir embætti því sem hann gegnir eða starfi og rökstyðja á hvern hátt hann fullnægi skilyrðum fyrir kosningarrétti, sbr. nánar 7. gr. [starfsreglna um kjör til kirkjubings, nr. 234/2006](#).

Unnt er að senda kærur til kjörstjórnar með þrenns konar hætti:

1. með tölvupósti á netfangið kjorstjorn2010@kirkjan.is
2. með faxi í faxnúmerið 528 4099
3. með bréfi stílað á póstfang kjörstjórnar sbr. hér að ofan.